

Miðvikudaginn 5. marz 1947.

Nr. 169/1946. Réttvísing og valdstjórnin

(Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Tryggva Eiríkssyni

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

og

Valdstjórnin (Hrl. Guttormur Erlendsson)

gegn

Elíasi Kristjánssyni

(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar borgarfógeti Kristján Kristjánsson og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða, Tryggva Eiríkssonar, sem réttilega er lýst í héraðsdómi, varðar við hegningarákvæði þau, sem í dómnum eru rakin, önnur en 3. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1941. Auk þess varðar hegðun ákærða við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 24/1941 og 1. mgr. 28. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 3 mánuði.

Hegningarvottorð ákærða ber það með sér, að hann hefur frá því á árinu 1941 sætt átta sinnum sekt fyrir ölvun á almannaferi. Þykir með vísun til 2. mgr. 20. gr. og 39. gr. laga nr. 23/1941 svo og 68. gr. laga nr. 19/1940 rétt að svipta ákærða ævilangt rétti til að stjórna bifreið.

Brot kærða, Elíasar Kristjánssonar, sem réttilega er lýst í héraðsdómi, varðar við refsíákvæði þau, sem í dómnum eru rakin, svo og við 17. gr. laga nr. 23/1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist 30 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, og kærði, Elíasi Kristjánsson,

greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinanr, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, sæti varðhaldi 3 mánuði. Hann er sviptur réttindum bifreiðarstjóra ævilangt.

Kærði, Elías Kristjánsson, greiði 2000 króna sekt til rikissjóðs, er afplánist varðhaldi 30 daga, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, og kærði, Elías Kristjánsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Guttorms Erlendssonar og Einars B. Guðmundssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 17. september 1946.

Ár 1946, þriðjudaginn 17. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2858—2859/1946: Réttvísing og valdstjórnin gegn Tryggva Eiríkssyni og valdstjórnin gegn Elíasi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Tryggva Eiríkssyni verkamanni, skála nr. 23 í Selby-camp, til refsingar, ökuleyfissviptingar og málskostnaðargreiðslu fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og af valdstjórnarinnar hálfu gegn Elíasi Kristjánssyni, birgðastjóra hjá Landssímanum, Sölvhólsgötu 11, fyrir brot gegn bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. september 1921 að Útverkum í Skeiðahreppi, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1941	$\frac{2}{6}$	Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
1943	$\frac{1}{4}$	Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
1943	$\frac{3}{12}$	Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
1944	$\frac{2}{2}$	Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
1944	$\frac{2}{3}$	Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
1945	$\frac{2}{3}$	Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
1946	$\frac{3}{3}$	Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri.
1946	$\frac{1}{3}$	Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannaþæri.

Kærði, Elías Kristjánsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 3. desember 1905 að Skerðingsstöðum í Reykhólahreppi, og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt kæru eða refsingu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardaginn 20. júlí s. l. um kl. 13,40 ók ákærði, Tryggvi Eiríksson, sem var að öllu leyti vel fyrirkallaður, vörubifreiðinni R 3379 niður Hellusund og norður Laufásveg. Á móts við húsið nr. 23 stóðu þrjár bifreiðar, R 2653, eign ameríska sendiráðsins, austan megin götunnar að nokkru leyti upp á gangstétt, og tvær 4 manna bifreiðar á móti henni vestan megin á akbrautinni, eins og sýnt á rskj. nr. 2. Er hann hafði ekið á milli þessara bifreiða, varð þriggja ára telpubarn, Joan Hansen, Laufásvegi 24, sonardóttir Halldórs Hansens læknis, fyrir bifreiðinni og beið bana af. Strax eftir að slysið skeði, var barnið borið heim til sín, en skömmu síðar komu lögreglumenn á slysstaðinn, mældu hann upp, gerðu uppdrátt af honum og tóku myndir, en skjöl þessi hafa verið lögð fram í réttinum. Veður var mjög gott, sólskin, þurr og hjart. Á slysstaðnum er akbrautin malbikuð, og var enginn sandur á henni.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, skýrir svo frá, að laugardaginn 20. júlí s. l. um kl. 13,30 hafi hann eftir beiðni kærða, Elíasar Kristjánssonar, sem er eigandi og umráðamaður bifreiðarinnar R 3379, ekið henni frá Sölvhólsgötu 11 áleiðis að Laufásvegi 16, en þar átti hann að sækja einn af starfsmönnum Landssímans. Kveðst hann hafa ekið sem leið liggur niður Hellusund og beygt norður Laufásveg og þar skipt bifreiðinni úr 3. gir í 4. gir. Telur hann, að hraði bifreiðarinnar hafi þá verið 20 til 25 km, miðað við klst., en hraðamælir hennar var í ólagi. Er hann ók á milli bifreiðanna, sem stóðu á móts við húsið nr. 23 við Laufásveg, eins og áður greinir, segist hann ekki geta gert sér grein fyrir, hvort hann hafi dregið úr hraða bifreiðarinnar, en kveðst þá hafa ekið sem næst eftir miðri akbrautinni og þó heldur eftir vestari helming hennar. Þegar framendi bifreiðarinnar R 3379 var aðeins kominn fram fyrir bifreiðina R 2653, kveður hann stúlkubarnið hafa komið hlaupandi vestur yfir götuna af eystri gangstéttinni eða norðan undan húsinu Laufásvegi 23, en norðan við hús þetta nokkuð uppi í lóðinni er bílskúr. Kveðst ákærði geta gert sér það ljóst, að hann hafi komið auga á telpuna, er hún var aðeins komin út á akbrautina, en hún hafi

hlaupið þangað fyrirvaralaust án þess að líta til hægri eða vinstri. Hemlaði hann strax bifreiðina og beygði jafnframt til vinstri, en engu að síður varð barnið fyrir henni. Hljóðmerki segist hann ekki hafa gefið, enda hafi horn bifreiðarinnar verið í ólagi og það ekki getað afstýrt slysi. Kveðst ákærði hafa fundið, að hægri afturhjól bifreiðarinnar, en þau eru tvöföld, fóru yfir barnið, en getur ekki sagt um, hvort framhjól hafi farið yfir það, eða hvort barnið hafi kastast frá bifreiðinni eða dregið með henni. Er ákærði varð var við, að bifreiðin hafði farið yfir barnið, kveður hann fát hafa komið á sig, svo að hann hætti að hemla, og bifreiðin því runnið nokkurn spotta eftir það. Eftir að bifreiðin var stöðvuð, fór ákærði þegar að telpubarninu, en þá voru tveir enskumælandi menn komnir að því, og virtist ákærða það þá þegar dáið. Beið ákærði svo á slystaðnum, þar til lögregluþjónar komu þangað, og var viðstaddur, er myndir voru teknar og mælingar gerðar.

Thomas Aquias Kelly, amerískur vararæðismaður, 36 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að þrjú litil börn hafi verið að leik á gangstéttinni fyrir framan húsið nr. 23 við Laufásveg, er eitt barnanna hljóp af gangstéttinni út á götuna og fram fyrir bifreiðina. Kveður hann slysið hafa gerzt með slíkri skyndingu, að um leið og hann hrópaði til barnsins, hafi bifreiðin lent á því, og bæði fram og afturhjól hennar hafi farið yfir það. Bifreiðina kveður hann hafa verið stöðvaða, svo fljótt sem unnt var, en hefur hvorki getað sagt, hvernær bifreiðarstjórinn byrjaði að hemla hana né hver hraði hennar hafi verið. Þá segist hann hafa dvalið hjá barninu, þar til gengið hafði verið úr skugga um, að það var dáið.

Sheldon Thomas, fyrsti sendiráðsritari ameríska sendiráðsins, 49 ára að aldri, skýrir svo frá, að hann hafi staðið við vinstri hlið bifreiðarinnar R 2653 og horft inn í hana, er slysið varð, og því eigi séð, hvernig það atvikaðist. Hann kveðst ekki hafa veitt bifreiðinni R 3379 athygli, er henni var ekið fram hjá bifreiðinni R 2653, og geti því eigi sagt um hraða hennar, en telur, að hann hefði ósjálfrátt forðað sér frá vinstri hlið bifreiðarinnar R 2653, ef hann hefði álitid bifreiðinni R 3379 hafa verið ekið af manni, sem ekki hefði haft vald á henni.

Vitnið Viktor Júlíus Gestsson læknir, Laufásvegi 18 A, 38 ára að aldri, kveðst ekki hafa séð, er slysið varð, en komið litlu síðar á slystaðinn. Hafi barnið þá legið í götunni og stór blóðpollur verið undir höfði þess, en ekkert lífsmark verið með því. Bar vitnið barnið heim til Halldórs Hansens læknis og athugaði það ásamt honum. Ekki kveður það nokkur merki hafa verið sjáanleg, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir brjóst barnsins, en merki voru eins og eitthvað hefði farið yfir höfuð þess og muni höfuðkúpan hafa verið brotin. Dauðaorsökina telur vitnið hafa verið mikla blæðingu inn í heilabúið.

Lík barnsins var ekki krufið, en Arinbjörn Kolbeinsson læknir var fenginn til að framkvæma líkskoðun. Í niðurlagi skýrslu sinnar um líkskoðunina segir hann, að áverkamerki finnist á höfði, sem sýni, að höfuðið hafi orðið fyrir þungum áverka (höggi eða þrýsting). Glögg einkenni finnst um brot á botni höfuðkúpunnar, en það ásamt meðfylgjandi blæðingu hafi orsakað skjótan bana.

Er lögreglumennirnir höfðu lokið við athuganir sínar á slysstaðnum, reyndu þeir bifreiðina R 3379 í akstri, en þar sem hraðamælir hennar var bilaður, var lögreglubifreið ekið með henni til að mæla hraðann. Er henni var ekið á um 30 km hraða, miðað við klukkustund, og fulls átaks neytt á hemlana, reyndist hemlafar eftir vinstri afturhjól um 6,50 metrar, og var bifreiðin þá algerlega stönguð. Einnig var bifreiðin þá mjög þung í stýri. Eftir þetta var bifreiðin í vörzlu lögreglunnar og hún reynd af bifreiðaeftirlitsmönnum Gestis Ólafssyni og Herði Jónssyni. Kom þá í ljós, að hún hafði ekki verið skrásett, hvorki hjá lögreglustjóra né bifreiðaeftirlitinu, en eiganda hennar, kærða Elíasi Kristjánssyni, hafði verið afhent skrásetningarmerki hennar R 3379 þann 9. marz s. l. gegn því að sýna skilríki fyrir því, að skyldutryggingariðgjöld væru greidd, og loforði um að koma tafarlaust með bifreiðina til skrásetningar og skoðunar. Þetta hafði kærði Elías samt ekki gert þrátt fyrir itrekaðar áminningar. Ástæðuna fyrir þessu kveður hann þá, að breytingar hafi átt að gera á bifreiðinni, lengja hana og lagfæra vél hennar, auk þess hafi ekki verið ætlunin að aka henni, þó að það hafi verið gert í ígripum. Hann segir, að sér hafi verið ókunnugt um, í hverju ástandi bifreiðin hafi verið, þó hafi fallið orð um það, daginn sem slysið varð, að jafna þyrfti hemla hennar.

Við skoðun bifreiðaeftirlitsmannanna reyndust hemlar ójafnir, þannig að þeir tóku fyrst og mest í vinstri afturhjólun, einnig tók handhemillinn ójafnt. Er þeir óku bifreiðinni á um 30 km hraða, miðað við klukkustund, eftir láréttri malbikaðri akbraut og fulls átaks var neytt á fóthemlana, rann hún rúma 5 metra. Hemlar voru á öllum hjólum, en mjög lélegir, nema á vinstri afturhjólum, og mörkuðu þau hemlafar í götuna. Stýrisútbúnaður var þéttur, en þungur, og telja þeir, að það hafi stafað af smurningsleysi. Endurnýja þurfti spindilbolta og fóðringu hægra megin í bifreiðinni. Ljósakerfið var ekki í lagi, og vantaði ljósker bæði að framan og aftan. Aftara skrásetningarmerkið var gallað, og horn bifreiðarinnar verkæði ekki auk ýmiss fleira.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, kveður sér hafa verið ókunnugt um, að bifreiðin hafi verið óskrásett og óskoðuð, en kveðst hafa vitað til þess, að hemlar hennar voru ekki í lagi, og segir hana hafa verið nokkuð þunga í stýri.

Eins og atvikum er lýst hér að framan, þykir ákærði, Tryggvi Eiríksson, að verulegu leyti vera valdur að dauða telpunnar Joan

Hensens með ógætilegum og eftir atvikum of hröðum akstri, þar sem hann ekur á milli tveggja bifreiða án þess að draga úr hraða bifreiðar þeirrar, er han ók, þrátt fyrir það, að hann vissi, að hemlar hennar voru ekki í lagi. Hefur ákærði því gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr., 1. mgr. 27. gr og 3. mgr. 28. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941.

Með því að aka bifreiðinni án nægilega öruggra stjórnækja og hemla, með bilað horn og hraðamæli hefur ákærði gerzt brotlegur við 5. gr., 6. gr. og 9. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaganna. Þar sem ekki er upplýst, að ákærða hafi verið kunnugt um, að ljósker vantaði á bifreiðina eða að vanrækt hafi verið að skrásetja hana og skoða, verður honum ekki gefið það að sök.

Refsing ákærða, Tryggva Eiríkssonar, sem ber að ákvarða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Þá þykir samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna bera að svipta ákærða, Tryggva Eiríksson, bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja

Brot kærða, Elíasar Kristjánssonar, varðar við 5., 6., 1. og 2. mgr. 7., 9., 1. og 3. mgr. 14. og 15., sbr. 18. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Þykir refsing hans samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 25 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða, Tryggva Eiríksson, og kærða, Elías Kristjánsson, ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í eitt ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Kærði, Elías Kristjánsson, greiði 600 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 25 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði, Tryggvi Eiríksson, og kærði, Elías Kristjánsson, greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.